

Jafnréttisáætlun

Svalbarðsstrandarhrepps 2023-2027

Jafnréttisáætlun Svalbarðsstrandarhrepps byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynja 897-8802 nr. 150/2020. Í þeim lögum er kveðið á um að sveitarfélög skuli skipa jafnréttisnefnd og gera jafnréttisáætlun.

Markmiðið með þessari áætlun er að innan Svalbarðsstrandarhrepps í stjórnslu og stofnunum, auk allrar starfsemi á vegum sveitarfélagsins, sé ætíð tryggt að farið sé að lögum um jafna stöðu kynja. Því skal jafna möguleika kynja til að nýta sér það lagalegajafnrétti sem er til staðar.

Jafnréttisáætlunin tekur til stjórnkerfis og starfsmanna sveitarfélagsins annars vegar og hins vegar til starfsemi og þjónustu sem stofnanir sveitarfélagsins veita íbúum þess. Flétta skal jafnréttissjónarmið inn í starfsemi sveitarfélagsins og skal öll stefnumótunarvinna hafa kynjasambættingu að leiðarljósi.

Jafnréttisáætlunin skuldbindur sveitarstjórn til þess að vinna að jafnrétti kynja á þremur megin sviðum: innan stjórnkerfis, á meðal starfsmanna og í þjónustu við íbúa.

1. kafli Stjórnkerfi Svalbarðsstrandarhrepps

Markmið:

Að tryggja lýðræðislega stjórnunarhætti og jafnrétti kynja í Svalbarðsstrandarhreppi með því að þátttaka og áhrif kynja séu sem jöfnust og jafnt tillit sé tekið til sjónarmiða og þarfa allra íbúa.

Leiðir:

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélagsins skal þess gætt að hlutföll kynja séu sem jöfnust og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.

Jafnrétti kynja skal haft að leiðarljósi þegar valdir eru fulltrúar í vinnuhópa til undirbúnings stefnumótunar og meiriháttar ákvarðana.

Kynjasambættingu skal hafa að leiðarljósi við stefnumótun og áætlanagerð. Það skal gert með fyrirmælum frá sveitarstjórn til þeirra aðila sem við á og eftirliti sveitarstjórnar um að svo sé gert.

Ábyrgð:

Sveitarstjórn. Þegar vikið er frá 40% reglunni vegna ákveðna aðstæðna verður að leggja fram skriflegan rökstuðning fyrir því.

2. kafli Starfsmannamál

Markmið:

Tryggja að kynin njóti jafnréttis á vinnustöðum sveitarfélagsins. Að Svalbarðsstrandarhreppur sé eftirsóttur vinnustaður þar sem jafnrétti og jafnræði er virt og unnið markvisst að jafna stöðu kynja með stöðugum umbótum. Koma í veg fyrir mismunun.

Leiðir:

Auglýsingar:

Atvinnuauglýsingar sveitarfélagsins skulu vera kynhlutlausar og í þeim vitnað í jafnréttisstefnu Svalbarðsstrandarhrepps, svo það megi vera ljóst að laus störf standi öllum kynjum til boða og jafnframt hvatning til þess kyns sem er í minnihluta í viðkomandistarfsgrein að sækja um.

Ráðningar:

Við ráðningar í störf hjá Svalbarðsstrandarhreppi skulu jafnréttissjónarmið metin til jafns við önnur sjónarmið þegar ráðið er í stöðurnar. Til að jafna hlut kynja skal reglan vera sú að standi valið á milli jafnhæfra umsækjenda af gagnstæðu kyni skal sá ráðinn sem er af því kyni sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein.

Kjör: Kynin skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Allar ákvarðanir sem hafa áhrif á kjör skulu byggjast á málefnalegum forsendum, óháð kyni. Gera skal launakönnun að minnsta kosti einu sinni á kjörtímabili til að tryggja að svo sé. Komi launamisrétti í ljós skal leiðrétta það strax.

Starfsaðstæður, starfsþróun og símenntun: Vinnuaðstæður skulu taka mið af þörfum kynja. Við úthlutun verkefna, tilfærslur í störfum og uppsagnir skal tryggt að kynjum sé ekki mismunað.

Kynferðisleg áreitni: Skriflegar vinnureglur um viðbrögð til að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni á vinnustöðum skulu ávallt liggja fyrir á vinnustöðum sveitarfélagsins. Yfirmanni á hverjum vinnustað sveitarfélagsins ber að tryggja, með fyrirbyggjandi hætti, að komið sé í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni á sínum vinnustað. Sé yfirmanni eða trúnaðarmanni gert viðvart um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni ber viðkomanda að binda tafarlaust enda á hana. Sé yfirmaður sjálfur ákærður fyrir slíkt athæfi er hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan á meðferð málsins stendur. Sveitarstjórn skal þá fela öðrum aðila að taka slíkar ákvarðanir. Þolandi skal engan skaða bera af ráðstöfunum sem gripið er til. Endurtekin og alvarleg áreitni varðar áminningu eða brottrekstur úr starfi.

Ábyrgð:

Forstöðumenn stofnana.

3. kafli Þjónusta

Markmið:

Að flétta jafnréttis- og kynjasambættingasjónarmið inn í alla þjónustu Svalbarðsstrandarhrepps þannig að þau ýti undir jafnrétti meðal íbúa sveitarfélagsins og að kynin eigjafnan aðgang að þjónustu sveitarfélagsins.

Leiðir:

Við ákvarðanir um tilhögun þjónustu skal tryggja að kynjum sé ekki mismunað og gæta að áhrifum hennar á stöðu kynja. Kyngreina skal upplýsingar í skýrslum og könnunum um þjónustu sveitarfélagsins og skal sveitarstjórn tryggja að svo sé gert reglulega og hefur eftirlit með því. Styrkir til félagssamtaka eru bundnir þeim skilyrðum að kynjum sé ekki mismunað.

Ábyrgð:
Sveitarstjórn og félagsmálanefnd

4. kafli Uppeldis- íþróttá- og tómsundastarf, menntun og skólastarf

Markmið:

Allt uppeldis- og tómsundastarf og öll menntun og skólastarf, sem er á ábyrgð Svalbarðsstrandarhrepps og stofnana hennar, skal hafa jafna stöðu kynjanna að leiðarljósi. Skólastarfið skal leitast við að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegnneikvæðum staðalímyndum um hlutverk kynjanna og skaðlegum utanaðkomandi áhrifum.

Leiðir:

Jafnréttisfræðsla skal fara fram reglulega á öllum skólastigum, þar sem m.a. ber að leitast við að tryggja jákvæða sjálfsmynd nemenda óháð kyni. Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu börn óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf. Hvetja skal börn og unglunga til að rækta sérkenni sín og persónu þroska án tillits tilhefðbundinna staðalímynda kynja.

Ábyrgð:

Skólastjórar og stjórnendur félags- og tómsundastarfs.

5. kafli Eftirfylgni

Félagsmálanefnd Svalbarðsstrandarhreppur sinnir jafnréttismálum innan sveitarfélagsins samkvæmt lögum nr. 150/2020. Nefndin skal vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps í málum er varða jafnrétti án tillits til kyns og hafa frumkvæði að sérstökum aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt íbúanna. Félagsmálanefnd hefur eftirlit með framkvæmd jafnréttisstefnunnar og kynningu á henni, meðal annars meðal íbúa sveitarfélagsins

Jafnréttisáætlun skal endurskoða ekki sjaldnar en í upphafi hvers kjörtímabils sveitarstjórnar.

Samþykkt af félagsmálanefnd 14. júní 2023

Staðfest af sveitarstjórn 15. ágúst 2023